

Reykjavík, 29. Janúar 2021

Efni: Umsögn Sjálfstæðisflokksins um frumvarp til kosningalaga á þingskjali 401, 151. löggjafarþingi.

1. Inngangur

Sjálfstæðisflokkurinn fagnar því að fram sé komið frumvarp sem felur í sér heildstæða umgjörð um allar opinberar kosningar sem fram fara í landinu. Einfeldara regluverk og löggjöf um framkvæmd kosninga er til mikilla bóta.

Sjálfstæðisflokkurinn vill koma á framfæri nokkrum athugasemdum við tiltekin atriði frumvarpsins ásamt því að vekja athygli á álitafnum sem mikilvægt er að skoða nánar við vinnslu frumvarpsins.

2. Stjórnsýsla kosninga (IV. kafli)

Í 1. mgr. 12. gr. er fjallað um landskjörstjórn og lagt til að hún verði sjálfstæð stjórnsýslunefnd. Landskjörstjórn hafi yfirumsjón með framkvæmd kosninga í landinu öllu og fái yfirstjórnar- og samræmingahlutverk gagnvart yfirkjörstjórnnum og öðrum aðilum sem koma að framkvæmd kosninga. Í 1. mgr. 15. gr. er fjallað um yfirkjörstjórnir sveitarfélaga sem taka við framkvæmd kosninga, þ.m.t. að mestu leyti verkefnum sem yfirkjörstjórnir kjördæma fara með skv. gildandi lögum eins og talningu atkvæða og úrskurða um ágreiningsatkvæði. Landskjörstjórn og yfirkjörstjórn sveitarfélaga er ætlað að taka yfir hlutverk yfirkjörstjórna kjördæma og yfirkjörstjórnir kjördæma því lagðar niður.

Sjálfstæðisflokkurinn leggst gegn því að leggja niður yfirkjörstjórn kjördæmis og telur þessar breytingar veikja og flækja stjórnsýslu kosninga í landinu. Kjördæmin eru grunneining í kosningum og hafa yfirstjórnir kjördæma m.a. það grundvallarhlutverk við framkvæmd kosninga að telja atkvæði og úrskurða um gildi atkvæða ef upp kemur ágreiningur, skv. gildandi lögum. Er þannig tryggt að samræmis sé gætt við úrskurð um gildi atkvæði innan hvers kjördæmis í stað þess að fjöldi yfirkjörstjórna sveitarfélags innan hvers kjördæmis úrskurði um gildi atkvæða innan hvers sveitarfélags. Þá hefur einnig í gegnum tíðina myndast mikilvæg þekking innan yfirkjörstjórnar kjördæma sem kemur að gagni við framkvæmd kosninga og byggist á því hve misjöfn kjördæmin eru að stærð og legu.

Í 2. mgr. 12. gr. er kveðið á um skipan í landskjörstjórn. Samstarfsnefnd háskólastigsins er gert að tilnefna einn fulltrúa í landskjörstjórn, í ljósi verkefna landskjörstjórnar við framþróun kosningaframkvæmdar og rannsókna á því sviði.

Sjálfstæðisflokkurinn leggst gegn því að í landskjörstjórn sitji fulltrúi nefndar sem starfar ekki í umboði kjósenda og hvetur til þess að í staðinn séu sveitarfélögum gert kleift að tilnefna tvo fulltrúa. Vilji landskjörstjórn framkvæma rannsóknir er hægur leikur að útvista slíkum verkefnum til háskólans eða annarra rannsóknaraðila, það eitt kallar ekki á sæti í landskjörstjórn.

Í 1. mgr. 14. gr. er fjallað um útvíkkað hlutverk landskjörstjórnar og helstu verkefni sem eru meðal annars kosningarannsóknir, þátttaka í alþjóðlegu samstarfi á sviði kosningamála og fleira. Þá er í 13. gr. kveðið á um fjölgun ríkisstarfsmanna til að sinna nýjum verkefnum þessarar nýju sjálfstæðu stjórnsýslunefndar.

Sjálfstæðisflokkurinn leggst gegn því að landskjörstjórn ráðist í hvers kyns kosningarannsóknir enda heyrir landskjörstjórn stjórnarfarslega undir pólitískan ráðherra sem fer með málefni kosninga. Pólitískur ráðherra skipar einnig þá sem sitja í landskjörstjórn, sbr. 1. mgr. 12. gr. frumvarpsins. Ekki fer vel á því að sitjandi valdhafar hverju sinni efni til kosningarannsóknna enda öllu ofar að lýðræðið nái fram að ganga óáreitt. Er það hlutverk háskóla, félagsvísindadeilda og annarra óháðra rannsóknaraðila að ráðast í kosningarannsóknir og þróun kosningaframkvæmdar í þágu lýðræðis. Engin rök standa til þess að íslenskir skattgreiðendur standi undir þessari útpenslu hins opinbera.

Í 22. grein er fjallað um úrskurðarnefnd kosningamála. Til nefndarinnar má skjóta ýmsum ákvörðunum er varða kosningar, m.a. ákvörðunum Þjóðskár Íslands, landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnar í sveitarfélagi.

Sjálfstæðisflokkurinn telur ekki þörf á stofnun sérstakrar útskurðarnefndar þegar hægt er að koma því hlutverki fyrir hjá landskjörstjórn, eins og staðan er í dag skv. gildandi lögum. Þrír fulltrúar skuli skipaðir í hina nýju úrskurðarnefnd. Engin sérstök rök standa til þess að íslenskir skattgreiðendur standi undir þessari útpenslu hins opinbera. Þá er enn síður hægt að sjá ástæðu þess að samstarfsnefnd háskólastigsins tilnefni einn nefndarmanna í úrskurðarnefnd en samstarfsnefnd háskólastigsins hefur ekkert lýðræðislegt umboð.

3. Kjörskrár (VI. kafli)

Í kaflanum er fjallað um meginreglan verði sú að kjörskrá sé rafræn og Þjóðskrá Íslands sjái um miðlæga vinnslu hennar.

Sjálfstæðisflokkurinn fagnar stafrænum lausnum og telur þær til bóta fyrir þá sem þurfa að leita eftir þjónustu hins opinbera. Sama á við um kjósendur og þá sem fara með framkvæmd kosninga. Þó vill Sjálfstæðisflokkurinn halda til haga áhyggjum sem vakna í tengslum við rafræna kjörskrá sem huga þarf að við áframhaldandi vinnslu frumvarpsins. Tryggja þarf að utanaðkomandi aðilar geti ekki átt við kjörskrána. Allur vafi um heiðarleika kjörskrár getur skapað tortryggni gagnvart niðurstöðum lýðræðislegra kosninga og óvissu um að framkvæmd kosninga hafi verið hlutlaus.

4. Umboðsmenn stjórnmalasamtaka (X. kafli) og talning atkvæða (XV. kafli)

Umboðsmenn lista eiga rétt á að vera viðstaddir fundi landskjörstjórnar og yfirkjörstjórnar sveitarfélags í alþingiskosningum til að gæta réttar sinna stjórnmalasamtaka við talningu, gildi atkvæða o.s.frv. eins og fram kemur í tíunda kafla frumvarpsins. Þá segir í fimmtánda kafla að talning sé á ábyrgð kjörstjórnar sveitarfélags nema færri en 100 kjósendur séu á kjörskrá sveitarfélagsins en þá sameinar landskjörstjórn þá talningu við talningu annars sveitarfélags.

Sjálfstæðisflokkurinn telur annmarka á þeim breytingum sem hér eru lagðar til. Nú þegar leggja á yfirkjörstjórn kjördæma niður og talningar atkvæða fara fram í hverju sveitarfélagi er ljóst að fjöldi umboðsmanna fyrir hver stjórnmalasamtök margfaldast og torsóttara og í einhverjum tilfellum útilokað verður fyrir stjórnmalasamtök að gæta þess réttar sem þeim er tryggður í lögum og viðhafa virkt kosningaeftirlit. Nýtt fyrirkomulag er til þess fallið að rýra traust almennings á niðurstöður kosninga. Fjarlægð milli talningarstaða og úrskurðaraðila er aukin og endanlegur úrskurðaraðili um gildi talningar ekki á staðnum við talningu í hverju kjördæmi eins og nú er heldur fjarri talningarstöðum. Er þetta til þess fallið að slíta úr sambandi ábyrgð og samræmi við úrskurð á gildi atkvæða á talningarstað.

Þá gerir Sjálfstæðisflokkurinn einnig athugasemd við það að lína sé dregin við 100 kjósendur í 98. gr. frumvarpsins þegar metið er hvort kjósendur séu of fáir til að talning geti farið fram í því sveitarfélagi eða hvort sameina þurfi talningu við annað sveitarfélag til að tryggja kosningaleynd. Sjálfstæðisflokkurinn telur að talning innan sveitarfélags sem telur 100 kjósendur eða fleiri skapi hættu á því að kosningaleynd fari forgörðum. Viðmiðið sé of lágt til að tryggja þennan grundvallarrétt hvers kjósanda í lýðræðisríki.

5. Atkvæðagreiðsla utan kjörfundar (XII. kafli)

Í 69. gr. frumvarpsins er kveðið á um atkvæðagreiðslu utan kjörfundar hér á landi og er þar að finna nýmæli sem heimilar sýslumanni að ákveða að kjörstaður sé hreyfanlegur, til dæmis rúta sem stilla mætti upp í nánd við skóla eða stóra vinnustaði.

Sjálfstæðisflokkurinn geldur varhug við þessu enda gæti það talist inngríp í lýðræðislegar kosningar að stjórnvöld haldi kjörstöðum að almenningi og óvíst hvort það samræmist hugmyndum um afskiptaleyfi stjórnvalda í lýðræðislegum kosningum. Þá gæti þessi leið leitt af sér aukna lausung á framkvæmd kosninga.

Í 71. gr. er kveðið á um póstkosningu. Gert er ráð fyrir því að póstkosningar geti hafist 57 dögum fyrir kjördag, þ.e. áður en öll framboð eru komin fram. Þó má utankjörfundaratkvæðagreiðsla ekki hefjast fyrr en öll framboð hafa verið auglýst, eigi síðar en 29 dögum fyrir kjördag, skv. 68. gr. frumvarpsins. Þá kemur fram í 2. mgr. 67. gr. að kjósandi sem hafi greitt atkvæði utan kjörfundar geti ekki greitt atkvæði á kjörfundi. Kjósandi geti einungis greitt atkvæði utan kjörfundar einu sinni.

Sjálfstæðisflokkurinn telur þessa breytingu til þess fallna að daga úr réttindum kjósenda til að láta skoðun sína í ljós fram að kjördegi. Samkvæmt núgildandi lögum skal meta það atkvæði gilt sem síðast var greitt. Kjósandi sem ákveður að greiða atkvæði utan kjörfundar með póstkosningu fyrirgerir þannig rétti sínum til atkvæðagreiðslu á kjörfundi, og það löngu áður en framboðsfrestur rennur út. Breytingarnar eyða rétti kjósenda til að skipta um

skoðun fram að kjördegi sem er íþyngjandi gagnvart kjósendum án þess að sérstök rök hnígi til þess.

6. Atkvæðagreiðsla á kjörfundi (XIV. kafli)

Í 88. gr. frumvarpsins er kveðið á um þá breyttu framkvæmd að kjörstjórn eða fulltrúi hennar stimpli bakhlið kjörseðilsins áður en kjósandi leggi seðilinn í atkvæðakassann.

Sjálfstæðisflokkurinn telur þetta bjóða þeirri hættu heim að ekki ríki leynd um atkvæðið. Meiri líkur eru á því að kjördeildarmenn sjái hvernig kjósandi merkti seðilinn þegar honum er framvísað til stimplunar. Engin sérstök rök eru fyrir nauðsyn þessarar breytingar sem vega upp áhættuna af því að fyrirgera leynilegum kosningum.

Í 92. gr. er kveðið á um styttingu kjörfundar. Fundi skuli slitið eigi síðar en kl. 21.00. Þessi stytting kjörfundar um heilan klukkutíma frá því sem gilandi lög kveða á um er studd þeim rökum einum að þannig sé það annars staðar á Norðurlöndunum.

Sjálfstæðisflokkurinn telur þessa skerðingu á hagræði kjósenda til að koma atkvæði sínu til skila óþarfa og órökstudda. Frekar ætti að horfa til þess að setja heimild í lög til þess að hafa þingfund opinn lengur en til kl. 22.00 ef þörf krefur, t.a.m. í þeim tilgangi að gæta að sóttvörnum og dreifa betur þeim fjölda sem hyggst greiða atkvæði.

Virðingarfyllt,



Þórður Þórarinnsson,
framkvæmdastjóri Sjálfstæðisflokksins